

Mánudaginn 30. september 1996.

Nr. 294/1996.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Óskari Marinó Sigurjónssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Frávísun frá Hæstarétti. Áfrýjunarfrestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákærvaldsins með stefnu 3. júlí 1996. Vísar ákærði í yfirlýsingu sinni um áfrýjun til a-, b- og c-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Fyrir Hæstarétti hefur ákærði ekki krafist annars en þess, að ríkissaksóknara verði gert að víkja sæti í málinu.

Í áfrýjunarstefnu kemur meðal annars fram, að áfrýjað sé af hendi ákærvaldsins „til frávísunar málsins frá Hæstarétti og áfrýjunar þess af hálfu dómfellða“. Að öðru leyti hefur ákærvaldið aðeins krafist þess, að ákærði verði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, þar með talinna saksóknarlauna í ríkissjóð.

Samkvæmt heimild í 1. mgr. 156. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 16. gr. laga nr. 37/1994, var málið tekið til dóms, án þess að munnlegur málflutningur hefði farið fram.

Með dómi verður ekki kveðið á um það eitt, að ríkissaksóknara beri að víkja sæti í máli. Verður kröfu ákærða þessa efnis því hafnað.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp á dómþingi Héraðsdóms Austurlands 8. janúar 1996 og birtur fyrir ákærða 16. sama mánaðar. Með yfirlýsingu verjanda ákærða 15. febrúar 1996, sem barst ríkissaksóknara sama dag, var lýst yfir áfrýjun málsins. Var þá liðinn sá fjögurra vikna frestur til áfrýjunar frá birtingu dóms, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 151. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 11. gr. laga nr. 37/1994. Verður af þessum sökum ekki komist hjá því að vísa málinu frá Hæstarétti. Það fær ekki haggð þeirri niðurstöðu, þótt ákærði hafi

fengið rangar upplýsingar um lok áfrýjunarfrests við birtingu hins áfrýjaða dóms, sbr. dóm Hæstaréttar 2. mars 1995 í máli nr. 465/1994.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Ákærði, Óskar Marínó Sigurjónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmans, 15.000 krónur.
